

82. stjórnarfundur Þekkingarsetursins Nýheima
5. 4. 2017 kl. 8:15 – 9:30

Fundur settur kl. 08:15

Fundarstjóri: Þorvarður Árnason

Ritari: Hugrún Harpa Reynisdóttir

Mætt: Hugrún Harpa Reynisdóttir, Olga Ingólfssdóttir, Ragnhildur Jónsdóttir, Kristín Hermannsdóttir, Hrafnkell Guðnason, Eyjólfur Guðmundsson, Helga Árnadóttir, Þorvarður Árnason, Eyrún Helga Ævarsdóttir og Vilhjálmur Magnússon.

1. Ráðning í starf verkefnastjóra

Hugrún Harpa gerði grein fyrir því að Kristín Vala Þrastardóttir hafi verið ráðin í starf verkefnastjóra.

2. Endurprentun NEED bæklinga um jarðfræði og fugla á Suðausturlandi

Helga kom með síðustu eintök af bæklingum sem prentaðir voru fyrir nokkrum árum í tengslum við NEED verkefnið. Jarðfræðibæklingurinn hefur einu sinni verið endurprentaður með styrk frá Vinum Vatnajökuls. Það upplag sem til var í Gömlubúð er nú búið og lagði Helga til að Þekkingarsetrið kæmi að endurskoðun bæklinganna og endurprentun. Var sú tillaga samþykkt og Kristínu, Helgu og Þorvarði falið að skoða málið nánar.

3. Endurnýjun samnings við SASS

Guðrún Ásdís kom inná fundinn og kynnti sína sýn á vinnu við samninginn innan Þekkingarsetursins Nýheima. Umræður sköpuðust um útfærslu á vinnu við samninginn og einstök atriði samningsins. Hugrúnu Hörpu, Kristínu og Vilhjálmi er falið að vinna að endurnýjun samnings.

4. Önnur mál

Eyjólfur vakti máls á mikilvægi þess að Þekkingarsetrið Nýheimar eigi í milliliðalausum samstarfi við aðrar stofnanir og samstarfsaðila.

Þorvarður greindi frá því að tvær styrkumsóknir hefðu nýverið farið úr húsi. Annað verkefnið heitir „Þjóð og þekking“ og felur í sér rannsókn á stöðu þekkingarsetra og annað verkefni fjallar um ævintýraferðamennsku. Þorvarður minnti á Jökklaráðstefnuna sem haldin verður í lok apríl og Þjóðfélagsfræðiráðstefnuna sem haldin verður um miðjan maí, báðar í Nýheimum. Þorvarður sagði einnig frá hugmyndum sínum um aukin tengsl Nýheima við Listaháskóla Íslands.

Hugrún sagði frá fyrirhuguðum fundi hennar með Birni Inga bæjarstjóra og því að hún og Kristín formaður stjórnar muni halda á fund í mennta- og menningarmálaráðuneytinu fyrir páska,

Eyjólfur sagði frá því að verið væri að vinna að því innan FAS að bjóða uppá námskeið í fuglamerkingum í samstarfi við Fuglaathugunarstöð Suðausturlands.

Hugrún Harpa minnti á húsfund sem vera á 27.apríl en efni hans eru hin ýmsu málefni hússins. Ákveðið var að næsti stjórnarfundur skuli haldinn 3. maí og verður umhverfisdagur Nýheima haldinn 25. apríl á degi umhverfisins.

Fundi slitið klukkan 09:42

Hugrún Harpa Reynisdóttir
